

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

## 274. FUNDUR.

274. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 13. október 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

### Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður.

### Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

### Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund og óskaði eftir að fá að taka á dagskrá undir 2. dagskrárlið fundargerð 275. fundar skipulags- og umhverfisstjórnar, viðauka 2 sem 6. dagskrárlið og afgreiðslu kjörskrár sem 7. dagskrárlið.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

## 1. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.

**Fundargerð 919. fundar** frá 12. september sl. Fundargerð í 8 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 920. fundar** frá 19. september sl. Fundargerð í 9 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 921. fundar** frá 26. september sl. Fundargerð í einum lið.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 922. fundar** frá 29. september sl. Fundargerð í einum lið.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 923. fundar** aukins byggðarráðs frá 10. október sl. Fundargerð í einum lið.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

**Fundargerð 924. fundar** frá 11. október sl. Fundargerð í 13 liðum.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. dagskrárlið

„Sveitarstjórn tekur undir bókanir byggðarráðs um stöðu löggæslumála í sveitarfélaginu. Félagsfundur lögreglumanna á Norðurlandi vestra ályktaði um málið en þeir telja sig ekki geta sinnt lögbundnu hlutverki sínu vegna mikils niðurskurðar. Ástandið er með öllu óásættanlegt og ítrekar Sveitarstjórn kröfur Byggðarráðs um að fjölgað verði í lögregluliði á Norðurlandi vestra og komið verði upp mannaðri lögreglustöð á Hvammstanga.“

Lögð fram eftirfarandi bókun við 7. dagskrárlið

„Sveitarstjórn tekur undir bókun Byggðarráðs um ástand vega í sveitarfélaginu, sér í lagi Vatnsnesvegur og þá stöðu sem komin er upp vegna stóraukinnar umferðar og langvarandi skorti á viðhaldi og uppbyggingu vegarins. Jafnframt tekur Sveitarstjórn undir kröfu

Byggðarráðs um brýna nauðsyn þess að ráðist verði án tafar í bráðnauðsynlegar úrbætur á Vatnsnesvegi og að gert verði ráð fyrir áframhaldandi varanlegum framkvæmdum, breikkun vegar og lagningu slitlags strax á árinu 2017. Frá því að byggðarráð fundaði hefur samgönguáætlun árána 2015-2018 verið samþykkt en þar er gert ráð fyrir framkvæmdum við brúarstæði Tjarnarár árið 2018. Þó þeirri framkvæmd sé að sjálfsögðu fagnað, enda hefur hún verið baráttumál um árabil, er bent á að hún er engan vegin nægileg til að laga ástand vegarins og koma í veg fyrir hættuástand né stytta ferðatíma skólabarna í skóla. Þess er því krafist að viðbótarfjármagn verði sett í frekari uppbyggingu vegarins strax á árinu 2017.“

Lögð fram eftirfarandi bókun við 10. dagskrárlið

“Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála á vinnumarkaði og þeim áhrifum sem sú staða hefur á rekstur sveitarfélaga. Í bréfi frá Lífeyrissjóðnum Brú er kynnt hugsanleg hækkun mótframlags launagreiðenda í A-hluta sjóðsins. Ástæða hækkunarinnar er tryggingarfræðileg staða sjóðsins en skuldbindingar umfram eignir eru 9,8%. Gerður er fyrirvari um breytingar á stöðu sjóðsins, t.d. vegna samninga við Bandalag Háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, sem og fyrirhugaðra breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Ljóst er nú með slitum SALEK samkomulagsins og þess að frumvarp um jöfnun lífeyrisréttinda var ekki samþykkt á Alþingi er ljóst að til þessara hækkana kemur ef ekkert verður að gert. Við eftirgrennslan hefur komið í ljós að LSR mun einnig hækka kröfu um mótframlag. Áhrif þessara hækkana á rekstur sveitarfélaga munu verða gríðarleg. Áætlað er að í Húnaþingi vestra muni þetta hækka rekstrargjöld um 13 milljónir á árinu 2017 að teknu tilliti til hækkunar lífeyrissjóðsiðgjalda og tryggingagjalds. Það gefur augaleið að slík viðbótar útgjöld, ákveðin einhliða og án nokkurs fyrirvara eða aðlögunar, setja rekstur sveitarfélagsins í uppnám. Fjárhagsáætlunargerð er vel á veg komin og ljóst er að þessi hækkun mun leiða til þess að taka verður upp þá vinnu við áætlanagerð fyrir árið 2017 sem þegar hefur verið unnin. M.a. mun sviðsstjórum verða gert að leita leiða með sínum forstöðumönnum til að skera niður í rekstri til að mæta þessari hækkun til að hægt verði að skila fjárhagsáætlun með jákvæðri afkomu eins og fjármálareglur sveitarfélaga kveða á um. Ljóst er að það verður ekki auðvelt. Þessi hækkun til viðbótar við gríðarlegar afturvirkar launahækkningar undanfarin misseri, án þess að tekjur sveitarfélaga hækki samsvarandi, gera það að verkum að rekstur sveitarfélaga þyngist mikið ár frá ári. Lengi hefur verið rætt um fjölgun tekjustofna sveitarfélaga og er nú orðið afar aðkallandi að leiða þá umræðu til lykta. Að öðrum kosti munu mörg sveitarfélög án vafa lenda í rekstrarvanda á komandi misserum.”

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

## **2. Fundargerð skipulags- og umhverfisráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 274. fundar** frá 6. október sl. Fundargerð í 13 liðum.

2. dagskrárliður borinn upp. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs um kynningu á tillögnum áður en sveitarstjórn tekur deiliskipulagið til endanlegrar afgreiðslu.

3. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktu r 7 atkvæðum. Tillögurnar voru áður samþykktar á fundi sveitarstjórnar þann 11. júlí s.l. á grunni 32. og 41 gr. Skipulagslaga 123/2010.

4. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 5 atkvæðum.

5. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

6. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

7. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 6 atkvæðum.

8. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

9. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

10. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

13. dagskrárliður borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum.

Aðrir liðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Elín R. Líndal og Gunnar Þorgeirsson viku af fundi við afgreiðslu 4.

dagskrárliðar vegna vanhæfis. Valdimar Gunnlaugsson vék af fundi við afgreiðslu 7.

dagskrárliðar vegna vanhæfis.

**Fundargerð 275. fundar** frá 12. október sl. Fundargerð í einum lið.

Lögð fram eftirfarandi bókun „Mál nr. 1610052 Sveitarstjórn felur byggingafulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi til handa Vegagerðinni vegna efnistöku úr Þverármelanámu.“

Fundargerðin með ofangreindri bókun borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **3. Fundargerð fræðsluráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 175. fundar** frá 5. október sl. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **4. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.**

**Fundargerð 175. fundar** frá 21. september sl. Fundargerð í 3 liðum.

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **5. Fundargerð landbúnaðarráðs, oddviti kynnti**

**Fundargerð 143. fundar** frá 6. október sl. **Fundargerð í 3 liðum.**

Lögð fram eftirfarandi bókun við 1. dagskrárlið „Sveitarstjórn frestar afgreiðslu þessa liðar þar sem forsendur hafa breyst frá því ákvörðun landbúnaðarráðs var tekin. Ákvörðun landbúnaðarráðs byggði á þeirri forsendu að úrskurður forsætisráðuneytisins um rjúpnaveiði í þjóðlendum lá ekki fyrir“ Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu aftur til landbúnaðarráðs vegna breyttra forsendna.

Lögð fram eftirfarandi bókun við 2. dagskrárlið „Erindinu vísað til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

### **6. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun ársins 2016**

Sveitarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs leggja fram tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 að upphæð kr. 1.250.000 á eignfærða fjárfestingu vegna kaupa á ljósritunarvél í Ráðhúsið. Kostnaði verði mætt með lökkun á handbæru fé.

Viðaukinn borinn undir atkvæði og samþykktur með 7 atkvæðum

### **7. Kjörskrá til alþingiskosninga 29. október 2016.**

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða kjörskrá vegna alþingiskosninga þann 29. október 2016. Á kjörskrá eru 881 einstaklingur.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra undirritun og framlagningu kjörskrár. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra jafnframt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar

leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna alþingiskosninganna 29. október nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.“  
Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl: 16:20

---

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

---

Elín Jóna Rósinberg.

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Valdimar Gunnlaugsson.

---

Ingimar Sigurðsson

---

Gunnar Þorgeirsson

---

Elín R. Líndal

---

Guðrún Ragnarsdóttir